

## OFBELDISVARNARNEFND

Ár 2022, mánudaginn 21. mars, var haldinn 51. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur, og hófst kl. 14.06. Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Halla Bergþóra Björnsdóttir, Ísól Björk Karlsdóttir og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Tómas Ingi Adolfsson, sem ritaði fundargerð. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn með fjarfundabúnaði: Anna Kristinsdóttir og Regína Ásvaldsdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfshópi Ríkislögreglustjóra um forvarnir og vitundarvakningu gegn kynferðisbrotum og kynbundnu ofbeldi og áreitni. MSS22030180  
Eygló Harðardóttir, Guðfinnur Sigurvinsson og Hildur Sunna Pálmadóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.
2. Fram fer kynning á nýjungum og framvindu í samkomulagi um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði. Tómas Ingi Adolfsson kynnir. MSS22020073
- Kl. 14.50 tekur Jenný Ingudóttir sæti á fundinum.

Ofbeldisvarnarnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Ofbeldisvarnarnefnd fagnar því að verkefnið Öruggir skemmtistaðir sé að fara af stað á ný og að ný samstarfsyfirlýsing sé í vinnslu.

3. Lagt er fram erindi frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. febrúar 2022, um afgreiðslu borgarstjórnar á aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi. MSS22010193
4. Lagt er fram erindi þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 16. febrúar 2022, með umsagnarbeiðni um drög að endurskoðaðri þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlun. MSS22020083

### Fundi slitið kl. 15:42

Heiða Björg Hilmisdóttir

Halla Bergþóra Björnsdóttir  
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir

Ísól Björk Karlsdóttir  
Jenný Ingudóttir